

**Sp.**

**296. Tillaga til þingsályktunar**

[140. mál]

um takmörkun sjónvarpssendinga frá Keflavíkurflugvelli.

Flm.: Gils Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Alfreð Gíslason,  
Sigurvin Einarsson, Lúðvík Jósefsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að sú breyting verði gerð á tækniútbúnaði sjónvarpsins á Keflavíkurflugvelli, að sjónvarpssendingar þaðan verði framvegis takmarkaðar við herstöðina eina. Skal breyting þessi koma til framkvæmda, um leið og íslenskt sjónvarp tekur til starfa.

**Greinargerð.**

Undirbúningur að stofnun íslensks sjónvarps er nú langt á veg kominn, enda ráð fyrir því gert, að það taki til starfa á þessu ári. Hins vegar hefur enn engin ákvörðun verið tekin um það, hvort hinu ameríska herstöðvarsjónvarpi á Keflavíkurflugvelli verði eftir sem áður leyft að halda uppi sjónvarpi, er nái til meiri hluta íslenskra heimila, með sama hætti og nú hefur viðgengizt um fullra fjögurra ára skeið, síðan leyfi var gefið til stækkunar sjónvarpsstöðvarinnar þar árið 1961.

Flm. þessarar tillögu líta svo á, að sjálfsagt sé að takmarka Keflavíkursjónvarpið við herstöðina eina, um leið og íslenskt sjónvarp tekur til starfa. Fjöldi þjóðkunnra manna úr öllum stjórnmalaflokkum, sem lætur sig skipta þjóðernis-, uppeldis- og menningarmál, hefur látið sömu skoðun í ljós á ótvíræðan hátt, enda er af þjóðernis- og menningarlegum ástæðum með öllu óviðunandi, að rekið verði hér á landi óheft herstöðvarsjónvarp.

Ýmsir forustumenn á sviði uppeldis- og menningarmála hafa barizt fyrir því í ræðu og riti undanfarin missiri, að Keflavíkursjónvarpið verði takmarkað við herstöðina eina. Nú hafa 600 íslenskir háskólastúdentar gengið fram í einni fylkingu

og undirritað áskorun til Alþingis þess efnis, að sjónvarp frá herstöðinni verði bundið við herstöðvarsvæðið eitt í síðasta lagi um leið og íslenskt sjónvarp tekur til starfa. Er hér um að ræða mikinn meiri hluta íslenskra stúdenta, sem nú stunda nám við Háskóla Íslands. Sýnir sú undirskriftasamstaða ljóslega, að hin eðlilega krafa, sem þar er fram sett, nýtur fylgis manna í öllum sjórnsmálaflokkum. Krafan um takmörkun herstöðvarsjónvarpsins er og óháð viðhorfum manna til dvalar erlends herliðs í landinu.

Þess er að vænta, að meiri hluti alþingismanna hafi gert sér ljósa nauðsyn þess að takmarka herstöðvarsjónvarpið. Meðal alþingismanna, sem lýst hafa opinberlega fylgi sínu við þessa stefnu, eru menntamálaráðherra og formaður útvarpsráðs. Má því ætla, að Alþingi megi bera gæfu til þess að stuðla að þeirri lausn málsins, sem þingsályktunin gerir ráð fyrir.

Málið verður nánar rökstutt af hálfu flutningsmanna í umræðum.

### Fylgiskjal.

#### Áskorun til Alþingis undirrituð af 600 stúdentum við Háskóla Íslands.

Afhent forseta sameinaðs Alþingis 8. febr. 1966.

„Vér undirritaðir háskólastúdentar leyfum oss hér með að vekja athygli háttvirts Alþingis á þeirri lífsnauðsyn, að íslenskt þjóðerni verði varðveitt um aldur og ævi. Að voru álitni stefnir sjónvarp Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli íslensku þjóðerni í hættu. Vér leyfum oss því að skora á háttvirt Alþingi, að það sjái svo um, að sjónvarp frá herstöðinni verði takmarkað við hana eina nú þegar eða í síðasta lagi um leið og íslenskt sjónvarp tekur til starfa.“

(Nöfn 600 háskólastúdenta.)

Áskoruninni fylgdi svo hljóðandi greinargerð frá framkvæmdanefnd undirskriftasöfnunarinnar:

„Fullveldishátið háskólastúdenta 1. desember s. l. var helguð varðveizlu þjóðernis. Háttíðarræðu dagsins flutti Sigurður Líndal hæstaréttarritari, og lagði hann m. a. áherzlu á þá hættu, sem íslensku þjóðerni stafaði af erlendu hermanna-sjónvarpi í landinu. Ræðu Sigurðar var frábærlega vel tekið af stúdentum, og komu þegar samdægurs upp meðal þeirra háværar raddir um, að fylgja bæri þessu máli eftir með einhvers konar fjöldaaðgerðum. Nokkrum dögum síðar kom saman allstór hópur áhugasamra stúdenta til að ræða þetta, og var þá ákveðið að hefja meðal háskólastúdenta söfnun undirskrifta undir fyrrgreinda áskorun.

Þessi sami hópur valdi síðan einn fulltrúa úr hverri háskóladeild til að annast framkvæmd málsins. Voru það Aðalsteinn Eiríksson stud. theol., Guðbrandur Steinþórsson stud. polyt., Ólafur Steingrímsson stud. med., Vésteinn Ólason stud. mag., Þorbjörn Guðjónsson stud. oecon. og Þorvaldur Grétar Einarsson stud. jur.

Undirskriftasöfnunin var hafin í annarri viku desembermánaðar, en þar sem erfitt er að ná til margra stúdenta í þeim mánuði, var ákveðið að afhenda ekki áskorunina fyrr en Alþingi kæmi saman aftur að loknu jólaeyfi þingmanna.

Undirskriftir miðast við þá stúdenta, sem töldust innritaðir í byrjun desember samkvæmt þeim gögnum, sem fánleg voru á skrifstofu háskólans. Hafa listarnir verið kannaðir vandlega og strikað yfir nokkur nöfn, sem ekki fundust í bókum skólans. Samkvæmt þeim voru 1116 innritaðir í háskólann, þegar söfnun hófst. Eru þá taldir með 41 erlendur stúdent, en þeim var ekki gefinn kostur á að skrifa undir áskorunina. En fremur er vitað með vissu um yfir 70 innritaða stúdenta, sem dvöldust erlendis eða utan Rvíkur og nágrennis, meðan söfnun fór fram.

Söfnun var hætt, þegar komnar voru sex hundruð fullgildar undirskriftir.

Rétt er að vekja athygli á, að undirskriftirnar gefa ekkert til kynna um afstöðu þeirra, sem ekki eru með. Hér er um að ræða opinbera áskorun sex hundruð háskólastúdenta, en ekki neina allsherjar skoðanakönnun meðal þeirra. Fyrst og fremst vegna þess, að sófnun var hætt, þegar ákveðnu marki var náð, og hefði með vissu verið hægt að safna fleiri undirskriftum. Allmargir töldu sig hlutlausa eða ekki viðbúna að taka afstöðu til málsins. Aðrir töldu rétt að takmarka sjónvarpið við herstöðina, en gátu ekki fallizt á, að það bakaði þjóðerninu hættu. Loks voru ýmsir, sem kváðust efnislega sammála áskoruninni, en töldu þetta ekki rétta aðferð til að koma málinu áfram eða vildu einhverra ástæðna vegna ekki taka þátt í opinberri áskorun.

Undirtektir stúdenta í heild voru frábærlega góðar. Fjöldi manna sýndi málinu mikinn áhuga, og til viðmiðunar um, hve mikil þáttakan raunverulega er, má benda á, að undanfarin ár hafa um sex hundruð stúdentar greitt atkvæði í kosningum til stúdentaráðs, en mikill áhugi hefur ríkt á þeim.

Sjónvarpsmálið hefur frá upphafi verið hafið yfir alla flokkadrætti meðal háskólastúdenta. Meðal þeirra, sem áttu þátt í að hrinda þessari undirskriftasófnun af stað, eru menn úr öllum stjórnmálaflokkum. Undir áskorunina hafa m. a. ritað allir núverandi stúdentaráðsmenn, þeir þrír fyrrverandi formenn stúdentaráðs, sem enn eru við nám í háskólanum, og auk þeirra nær allir aðrir forystumenn í félagslífi stúdenta.

Háskóla Íslands, 8. febrúar 1966.“